



Lýðheilsustefna Reykjanesbæjar



Lýðheilsustefna Reykjanesbæjar

Samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar
15. desember 2020.

Virðing

Við berum virðingu hvert fyrir öðru, erum umburðarlynd gagnvart ólíkri menningu og mismunandi aðstæðum.

Eldmóður

Við tökumst á við fjölbreyttar áskoranir af þrautseigju og eldmóði. Sýnum frumkvæði og erum stolt af okkar framlagi.

Framsækni

Við mætum framtíðinni með áráðni og erum framsækín við þróun nýrra lausna.

Stefnan er lifandi og verður endurskoðuð árlega en birtir áhersluatriði bæjarstjórnar næstu tíu árin. Lýðheilsuvísar Embætti landlæknis verða hafðir til hliðsjónar við lifandi lýðheilsustefnu.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn þverfaglegar lýðheilsustefnu Reykjanesbæjar er að styðja við og stuðla að heilsueflandi og fjölskylduvænu samfélagi þar sem umhverfi og aðstæður hvetja til heilbrigðra lifnaðarháttá, bættrar heilsu og vellíðan allra íbúa. Í stefnu sveitarfélagsins er lögð áhersla á að styðja við hæfileika allra íbúa í gegnum öflugt skóla-, íþróttá, tómsunda- og menningarstarf. Unnin eru fjölbreytt störf í vistvænu fjölmeningarsamfélagi sem einkennast af framsækni, virðingu og eldmóði. Lýðheilsustefnan og markmið hennar byggjast á þverfaglegu samstarfi innan sveitarfélagsins sem felur í sér að efla og viðhalda heilsu og vellíðan íbúa á öllum aldurskeiðum.

Meginmarkmið

Að íbúar Reykjanesbæjar búi í heilsueflandi samfélagi þar sem áhersla er lögð á andlega, líkamlega og félagslega heilsu. Bætt heilsa og vellíðan íbúa skal byggjast á sannreynðri heilsueflingu, forvörnum og aðgengilegri heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem styðst við bestu þekkingu á hverjum tíma. Stuðlað verði að jöfnuði innan samfélagsins með tilliti til viðkvæmra hópa í samstarfi við heilsueflandi stofnanir og starfsemi innan sveitarfélagsins.

Undirmerkið

- **Heilbrigðisþjónusta**

Aukið samstarf tengt forvörnum og fræðslu við heilbrigðisstofnanir og hagsmunaaðila innan sveitarfélagsins. Með áherslu á niðurstöður árlegra lýðheilsuvísa Embætti landlæknis.

- **Aðgengi að heilsueflingu**

Hvatagreiðslur til barna og ungmenna vegna íþróttta og tómsunda. Fjölpætt heilsuefling fyrir fólk á efri árum. Aukið aðgengi að íþróttamannvirkjum, grænum svæðum og göngu- og hjólastígum ásamt því að leggja áherslu á sýnileika upplýsinga um opnunartíma og viðburði á heimasíðu sveitarfélagsins.

- **Geðrækt**

Áhersla á aukna þekkingu á áhrifaþáttum geðheilbrigðis með fræðslu og aukinni þjónustu sem stuðlar að bættri andlegri vellíðan bæjarbúa.

- **Þekking og öryggi**

Stuðla að auknu heilsulæsi með virkri fræðslu og þekkingu svo íbúar geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigið heilsufar. Farið verður af stað með vitundarvakningu um mikilvægi heilsusamlegs vinnuumhverfis með sérstakri áherslu á jafnvægi á milli vinnu og einkalífs.

Áherslur 2021

- Hvetja og styðja við heilsueflingu bæjarbúa og samþættingu við heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna er snúa að heilsu og vellíðan með viðeigandi aðgerðum, gögnum og upplýsingum. Lagt verður heildstætt mat á þá vinnu árlega.
- Að Reykjanesbær og allir leik-, grunn og framhaldskólar verði orðnir virkir þátttakendur í Heilsueflandi verkefnum Embætti landlæknis í lok árs 2021. Þátttaka snýr að markvissu lýðheilsustarfi með það að meginmarkmiði að skapa aðstæður og umhverfi sem stuðla að heilsusamlegum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra.
- Geðrækt verður áhersluatriði þar sem unnin verða verkefni er lúta að íhlutun, ráðgjöf og fræðslu um geðheilbrigðismál fyrir alla aldurshópa í sveitarfélaginu.

